

PÚKINN

Kvikmyndasmiðja UngRIFF

Sýnt á Púkanum á Reykhólum 10. apríl.

Fyrir unglingastig grunnskólanna. Í smiðjunni lærðu þau grundvallarundirstöður í kvikmyndagerð: handritagerð, leikstjórn, myndatöku og klippingu.

Leiðbeinandi smiðjanna var Erlingur Óttar Thoroddsen, handritshöfundur og leikstjóri. Erlingur lauk MFA námi í kvikmyndaleikstjórn við Columbia University árið 2013 þar sem hann gegndi einnig hlutverki aðstoðarstjórna kvikmyndahátíðar háskólans.

Erlingur skrifaði og leikstýrði spennutryllinum KULDA sem byggir á samnefndri metsölubók Yrsu Sigurðardóttur. Erlingur skrifaði einnig og leikstýrði kvikmyndinni THE PIPER sem var frumsýnd fyrir á þessu ári.

UNG **RIF**
BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ

Tröllin allt í kringum okkur

Á bókasafninu á Patreksfirði 10. og 11. apríl.

Á Vestfjörðum höfum við náttúruna allt í kringum okkur. Þar er að finna endalausar uppsprettur þjóðsagna og ævintýra, þar á meðal stóra steina sem margir hverjir eru sennilega steingerð tröll.

Á bókasafninu á Patreksfirði voru skoðaðar þjóðsögur af svæðinu sem tengdust tröllum, og búinn til hellingur í laginu eins og steingert höfuð af tröllskessu. Tilgangurinn var að fá börn til að nota ímyndunaraflid og sjá náttúruna sem þá sviðsmynd þjóðsagna og ævintýra sem hún getur verið.



Goðdalir

Sýnt 10. og 11. apríl í Samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Samstarfsverkefni Grunnskóla Drangness og Grunnskólans á Hólmanvík.

Frumsmíð leikrit sem sýnt var á Drangnesi. Goðdalaverkefnið kom í kjölfar þemasmiðja um goðafræði sem Kristín Ragna Gunnarsdóttir rithöfundur var fengin til að vera með þar sem nemendur komu með hugmyndir um tengsl goðafræðinnar við nútímann.

Hugmyndir úr ritsmiðjunni voru svo nýttar til að skrifa leikrit fyrir leikhópinn. Það var Kolbrún Erna Pétursdóttir leikkona sem samdi leikritið og leikstýrði hópnum. Nemendur saumuðu fjölda búninga fyrir leikritið úr endurunnum efnum og lærðu gamalt handverk í leiðinni.

Inn í verkefnið fléttast svo samstarf við Árnastofnun þar sem skólarnir tóku þátt í verkefninu „Hvað er með ásum“ og fengu bæði námsefni í myndlist og fræðslu um nýja handritasýningu Árnastofnunar, „Heimur í orðum“. Fenginn var Hrafnkell Örn - Keli til að vera með slagverkssmiðju sem nýtt var í leikritinu.



PÚKINN

Árstíðir Vivaldis

Ísafjörður 7.-10.apríl

Ísfirsku bræðurnir sem skipa tónlistartrío leiddu nemendur grunnskólanna í gegnum ævintýrlega ferð um þekktustu þætti sígildrar tónlistar og sýndu þeim hvernig tónlistin getur túlkað hljóð nátturunnar sem umlykur þau allstaðar í kring.

Drumur, regn, vindur og hundagelt voru meðal hljóðanna sem leynast í einu af vinsælustu tónlistarverkum sem hefur verið samið, Árstíðum Vivaldis. Yngstu börnin fengu það skemmtilega verkefni að teikna það sem þau heyrðu og létu því reyna á ímyndunaraflid.

Börnin lærðu meðal annars ýmislegt um hljóðfærin sem bræðurnir spila á.



Sæskrímslabúrið

Bíldudalur 4. - 5.apríl

Ísafjörður 7. - 10.apríl

Gagnvirk upplifun fyrir börn á öllum aldri.

Þrátt fyrir skort á líkamlegum vísbendingum um tilvist þeirra, hafa mörg sjóskrímsli verið skráð í gegnum aldirnar á Íslandi. Skrímsli geta líka lifað djúpt undir yfirborði í undirmeðvitund okkar og táknað persónulegan ótta. Komdu og búðu til þitt eigið skrímsli og bættu því við í gagnvirk fiskabúr!



Furðuverur á flandri

Bókasafnið í Bolungarvík 1., 4. og 6.apríl

Sögu- og listasmiðja í Bókasafninu í Bolungarvík þar sem þátttakendur fengu innblástur úr gömlum sögnum til að skapa sína eigin furðuveru.

Bókaverðir sögðu frá furðuverum sem sést hafa í nágrenni Bolungarvíkur.

Listamaðurinn Þorgils Óttarr Erlingsson, furðuverusmiður með meiru, aðstoðaði þátttakendur við sköpun veranna.



Tröll segja sögur

Safnahúsið á Ísafirði 8.apríl.

Góðir gestir mættu á Bókasafnið, sjálf tröllin úr fjöllumum, til þess að segja börnunum vestfirskar tröllasögur. Það var svo samnarlega líf og fjör á Bókasafninu! Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Litla leikklúbbinn.



PÚKINN

Ævintýraheimur myndskreytinga

Safnahúsið Ísafirði 5.-6.apríl.

Námskeiðið fór fram dagana 5.–6. apríl í Safnahúsinu við Eyrartún.. Það var ætlað börnum á miðstigi grunnskóla og byggði á vinnubrögðum Ásgríms Jónssonar, sem var fyrstur til að myndgera álfa, tröll og drauga úr íslenskum þjóðsögum




Kvikmyndin Síðasti bærinn í dalnum

Safnahúsið Ísafirði 5.apríl.

Sagan segir frá því er tröll hugðust hrekja bónda burtu af býli sínu í dag nokkrum, þar sem þau höfðu þegar hrakið alla aðra bændur á brott. Með góðri hjálp álfa, tekst að koma tröllunum á kné og allt endar vel.

Kvikmyndin er fyrsta mynd Óskars Gíslasonar og var tekin upp á Tannastöðum í Ölfusi, í Kershelli og í Kjósinni og var frumsýnd árið 1950. Jórunn Viðar samdi tónlistina - fyrsta kvikmyndatónlistin sem var samín á Íslandi fyrir kvikmynd í fullri lengd.



Langspilasmíðja Eyjólfss Eyjólfssonar

Hólmavík 4. - 5.apríl

Þátttakendur lærðu undirstöðuatriðin í langspilsleik eins og stramm og plokk með álfafjöðrum. Einnig var boðið upp á að strjúka strengina með hrosshársbogum. Þátttakendur fræddust um langspilið í sögulegu, menningarlegu og alþjóðlegu samhengi, með sérstakri áherslu á gamla bændasamfélagið og baðstofumenninguna. Kennnd voru vel valin þjóðlög er tengjast þjóðlagasöfnun séra Sigtryggs Guðlaugssonar prófests á Núpi í Dýrafirði og kvæðaskap Margrétar Þórðardóttur prestsfrúar af Snæfjallaströnd. Margrét gekk undir nafninu Galdra-Manga og var kærð fyrir galdra, ofsótt um allt land og eftirlýst í Alþingisbókum eftir miðja 17. öld. Í lok smíðjunnar voru lögin flutt við langspilsleik þátttakenda.



PÚKINN

Valdeflandi leiklistarsmiðja

Strandir og Reykhólar 1.-2.apríl

Vesturbyggð 3.apríl

Norðanverðir Vestfirðir 4.-10.apríl

Púkinn bauð nemendum á miðstigi grunnskóla á Vestfjörðum í öfluga og skapandi leiklistarsmiðju með Birgittu Birgisdóttur, þar sem unnið var eftir aðferðum Theatre of the Opressed. Í smíðjunni fengu nemendur að kanna eigin rödd, tjá sig í gegnum leiklist og takast á við raunveruleg viðfangsefni á kraftmikinn og skapandi hátt. Aðferðafræðin stuðlar að valdeflingu, samkennd og lausnaleyti í gegnum leik og samtali.



Frásagnarlist á Reykhólum

Reykhólar 3.apríl

Frásagnarlistin er dáleiddandi listgrein, sem á sér mikla sögu á Íslandi og laðar að fólki á öllum aldri. Einn frægasti íslenski sagnapulurinn Ragnheiður Þóra Grímsdóttir sá um þetta skemmtilega námskeið á Reykhólum. Á dagskránni voru frásagnarnámskeið fyrir börn og sýning fyrir börnin, fjölskyldur þeirra og alla áhugasama fullorðna.



Námskeið í hlaðvarpsgerð

Edinborg á Ísafirði 31.mars, 1.apríl og 15.apríl.

Námskeið í hlaðvarpsgerð fyrir skapandi ungmenni til að læra undirstöðuatriðin í útvarps- og hlaðvarpsframleiðslu. Á námskeiðinu kynnst þátttakendur ólíkum gerðum hlaðvarpa, viðtalstækni og handritsgerð, auk þess sem þeir fá hagnýta reynslu af upptökum og klippingu. Á námskeiðinu þróa þátttakendur sínar eigin hugmyndir og vinna að stuttu innslagi með aðstoð leiðbeinenda



Vinnustofur í söng- og leiklist

Vesturbyggð 31.mars - 4.apríl.

Emil Kohlmayer kom í heimsókn í Vesturbyggð og leiddi grunnskólabörn inn í ævintýraheim sviðslista í fimm vinnustofum í grunnskólum Vesturbyggðar.

Tilgangur vinnustofanna var að gefa börnunum tækifæri til að kynnst sviðslistum undir handleiðslu listamanns í í fremstu röð. Emil Kohlmayer er söngvari, leikari og kvikmyndagerðarmaður frá Vín og sérhæfir sig í söngleikjum. Unnið var með sviðsframkomu, beitingu raddarinnar og að draga fram leikræna tjáningu. Alejandra P. de Avila, kennari við Tónlistarskóla Vesturbyggðar, átti frumkvæði að komu listamannsins og var honum til aðstoðar í vinnustofunum.



PÚKINN

Vestfirski þjóðsagnagerðin

Galdrasýningin á Ströndum 31.mars.

Í verkefninu fá nemendur leiðsögn frá þjóðfræðingi um hvernig þjóðsögur er vanalega uppbyggðar og fá tækifæri til að skapa sína eigin þjóðsögu í kjölfarið. Einnig aðstoðar listakona af svæðinu þau í að teikna persónur upp úr þjóðsögunum, og afraksturinn verður síðan til sýnis á Púkahátíðinni á Galdrasýningunni á Ströndum.



**SJÁUMST HRESS á NæSTA
ári!**